



Skólaráðsfundur 15.febrúar 2018

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Svandís Gylfadóttir fulltrúi foreldra, Anna Birna Gunnlaugsdóttir fulltrúi kennara, Hallveig Fróðadóttir fulltrúi kennara, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna, Jenný L. Lárusdóttir, framkvæmdarstjóri UMFN og fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Hermann Nökkvi Gunnarsson formaður nemendafélagsins og fulltrúi nemenda, Mikael Máni Möller fulltrúi nemenda og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir fór yfir skóladagatal næsta skólaárs, 2018-2019. Fór hún yfir áherslur skólaársins og þá sérstaklega í hvað starfsdagar og skertir nemendadagar eru nýttir í. Skóladagatalið var síðan borið upp til samþykktar og var það einróma samþykkt. Skóladagatalið hefur verið samþykkt af starfsmannahópnum og verður nú sent fræðsluráði til samþykktar.
2. Guðný Karlsdóttir fór yfir drög að nýjum skólareglum sem starfsmannahópurinn sem og nemendahópur eldri nemenda hefur unnið að. Rætt um hvaða breytingar voru gerðar og af hverju þær voru gerðar. Drögin voru síðan borin upp til samþykktar og voru þau samþykkt einróma. Búið var að kynna drögin fyrir starfsmannahópnum og voru þau samþykkt þar þannig að teljast þessar skólareglur nú samþykktar og taka þær gildi að hausti 2018.
3. Önnur mál:
  - a. Ásgerður sagði frá því að þetta væri síðasti fundur skólaráðs á skólaárinu nema eitthvað kæmi upp á sem þyrfti að funda um. Þakkaði hún fundarmönnum fundarsetu á þessu skólaári.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri